

| | |
|------------|--|
| Tillaga | A 1981/UKK |
| Flytjandi | Flokkahópur jafnaðarmanna |
| Afgreiðsla | Norræna þekkingar- og menningarnefndin |

Þingmannatillaga um samnorrænar reglur um tæknirisa

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að kanna til hvaða samnorrænu aðgerða má taka til að tryggja öflugir landsbundnir fréttamiðlar, en ekki samfélagsmiðlar, verði áfram mikilvægustu fréttaveiturnar, þar á meðal hvort mögulegt sé að setja lög um samstarfsstefnur milli tæknifyrirtækjanna og innanlandsmiðla sem og reglur um fjarlægingu stolins efnis sem og kröfur um sýnileika forrita fyrir almannaþjónustu í forritaverslunum ESB
- að kanna hvort setja megi kröfur um innleiðingu umhugsunartíma áður ofbeldisskilaboð eru birt á samfélagsmiðlum
- að kanna hvort innleiða megi stafrænt jákvætt merkingarkerfi fyrir stafrænt efni á samfélagsmiðlum

Bakgrunnur

Lýðræðið er traust á Norðurlöndum. Það hefur alltaf verið styrkleiki okkar – eitthvað sem sameinar löndin. Lýðræðislegt frelsi okkar er fyrirmynd fyrir íbúa margra annarra landa og af þeirri ástæðu einnig vilja einræðisherrar víða um heim veikja stjórnarfar okkar.

Áður fyrr voru ógnir við Norðurlöndin í formi hernaðar og vopna, en í dag geta óvindir lýðræðisins notað vettvang tæknirisanna óséðir til að koma löndum okkar úr jafnvægi með upplýsingaóreiðu og pólitískum áhrifum frá barnæsku.

Tæknirisarnir safna ótrúlegu magni gagna um okkur sem borgara og selja þau síðan til auglýsenda. Þannig geta óvindir lýðræðisins nýtt gögnin um okkur til að hafa áhrif á okkur löngu áður en við höfum mótað okkar eigin skoðun. Í dag er ekki aðeins barist með byssupúðri og kúlum heldur einnig upplýsingum og upplýsingaóreiðu.

Norræna samfélagslíkanið er byggt á gagnkvæmu trausti borgaranna og trausti til stofnana. Þetta traust reyna óvindir lýðræðisins nú að grafa undan og það má ekki takast á Norðurlöndum. Þess vegna verðum við á Norðurlöndum að krefjast þess að réttindi



borgaranna gagnvart tæknirisum verði varin og að reglur verði settar um innihald þeirra til að lýðræðislegar samræður geti farið fram á upplýstum og hlutlægum grundvelli.

Osló, 30. október 2023

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Annette Lind (S)

Camilla Gunell (ÅSD)

Doris J. Jensen (S)

Eva Lindh (S)

Heléne Björklund (S)

Henrik Møller (S)

Jani Kokko (sd)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)

Kim Aas (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Malin Larsson (S)

Malte Larsen (S)

Maria Durhuus (S)

Mats Wiking (S)

May Britt Lagesen (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Per Husted (S)

Tove Elise Madland (A)

Truls Vasvik (A)

Åsa Karlsson (S)